

Með hliðsjón af öllum þessum atriðum verður að synja eignardómkröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir sanngjarnt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Eignardómskrafa stefnanda, Guðmundar Eggerz fulltrúa, Melstað í Glerárþorpi, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 29. október 1951.

Nr. 62/1951. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn

Axel Konráðssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn 219. gr. hegningarlaga svo og gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að rétt þykir að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Axel Konráðsson, sæti varðhaldi 30 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Magnúsar

Thorlacius og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. jan. 1951.

Ár 1951, fimmtudaginn 18. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 145/1951: Ákærvaldið gegn Axel Konráðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað gegn Axel Konráðssyni verzlunarmanni, Brávalla-götu 22 hér í bæ, fyrir brot gegn 23. kafla hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði, sem fæddur er 21. júlí 1921, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

1943 25/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1947 10/6 Sátt, 40 kr. sekt fyrir óleyfilegt bifreiðastæði.

1950 5/1 Dómur: 10 daga varðhald, ökuleyfisvpting í 6 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

— 17/8 Í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 20 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.

Sunnudaginn 15. okt. f. á., um kl. 21, varð umferðarslys á mótum Skothúsveg og Tjarnargötu hér í bæ. Varð það með þeim hætti, að bifreiðin R. 2657, sem er 6 manna fólksbifreið, kom austan Skothúsveg, en er hún kom á umrædd gatnamót, var jeppabifreiðinni R. 4276, er ákærði stýrði, ekið suður Tjarnargötu inn á gatnamótin, og rakst hún á hægri hlið R. 2657. Varð áreksturinn harður, og kastaðist R. 2657 til og snérist á veginum og dalaðist mjög, og rifnaði hægri hliðin. Litlar skemmdir urðu á R. 4276. Stjórnandi R. 2657, Pétur Jóhannesson, kveðst hafa ekið gætilega inn á umrædd gatnamót og vitað svo ekki fyrr til en R. 4276 hafi komið á miklum hraða frá hægri, og hafi henni verið ekið á R. 2657, án þess að nokkuð væri dregið úr hraðanum. Í bifreiðinni R. 2657 voru 4 farþegar, Aage Molander verkamaður, Þórður Unnar Þorfinnsson netjagerðarmaður, Sigurður Jóhann Ágústsson verkamaður og Jóhann Jakobsson verkamaður, og ber þeim öllum saman um, að R. 2657 hafi verið ekið á eðlilegum hraða, en enginn þeirra kveðst hafa tekið eftir R. 4276 fyrr en rétt í því, er áreksturinn varð, er Pétur hafi kallað til þeirra og beðið þá að gæta sín.

Vitnið Gunnar Egilsson umsjónarmaður var að aka í bifreið austur Skothúsveg að umræddum gatnamótum, er slysið varð. Sá hann R. 2657 koma á móti sér og kveður ekkert hafa verið við það að athuga, hvernig henni var ekið, og hafi hún verið á réttum vegarhlmíngi, en R. 4276 hafi þá komið norðan Tjarnargötu á mjög áberandi miklum hraða og verið ekið á R. 2657.

Ákærði hefur ekki mótmælt sök sinni á slysi þessu. Kveðst hann hafa

ekið greitt suður Tjarnargötu og sjálfsagt yfir lögleyfðan hámarkshraða, en þó ekki sérstaklega ógætilega. Er hann hafi komið að gatnamótunum, hafi hann enga umferð séð og ætlað að halda áfram, en séð R. 2657, er hann var í þann veginn að rekast á hana, og hafa þá hemlað.

Í bifreið ákærða voru 2 farþegar, Leif Einar Bjarni Jóhannesson veitingaþjónn, 28 ára, og Þorgils Steinþórsson sölumaður. Sat hinn fyrrnefndi í framsæti, og slasaðist hann við áreksturinn, svo sem síðar verður greint frá. Framburðir beggja þessara manna um slysið eru í samræmi við önnur gögn málsins. Hvorugur þeirra kveðst geta sagt neitt ákveðið um hraðann, en áreksturinn hafi orðið mjög harður.

Eftir áreksturinn hvarf ákærði af staðnum, meðan beðið var lögregluunnar. Gerði hann engar ráðstafanir í sambandi við slys það, er orðið hafði, heldur fór rakleitt á dansleik í Sjálfstæðishúsinu. Pétur Jóhannesson telur ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis, þar eð hann hafi verið slappur í andliti og augun starandi. Ekki fann Pétur vínlykt af honum. Þá ber Aage Molander, að ákærði hafi verið sljór til augnanna og borið merki þess að vera undir áfengisáhrifum. Hinir farþegarnir í R. 2657 telja sig hins vegar ekki hafa orðið vara ölvunarmerkja á ákærða.

Ákærði kannast ekki við, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis né miður sín að neinu leyti. Hann kveðst hafa verið á dansleik kvöldið áður og neytt nokkurs áfengis þá nótt, en þó ekki mikils. Eftir dansleikinn fór hann heim til Leifs og svaf þar, en fór snemma á fætur. Umræddan dag kvaðst hann ekki hafa bragðað áfengi, og hafi hann verið lengst af á golfvellinum að leika golf. Þar hittust þeir Þorgils síðdegis, og fóru þeir saman heim til Leifs og borðuðu þar, en fóru að því búnu og tóku bifreið ákærða, sem staðið hafði við Hótel Borg, og óku henni sem leið lá að Tjarnargötu og suður hana, unz áreksturinn varð. Þeir Þorgils og Leif Einar Bjarni bera það, að þeir hafi ekki vitað til þess, að ákærði neytti neins áfengis umræddan dag, en Þorgils kveður ákærða hafa verið syfjulegan, og Leif segir, að hann hafi sýnilega verið þreyttur og syfjaður.

Ákærði kveðst hafa fengið hálfgerðan „scock“ við áreksturinn, en að öðru leyti hefur hann enga skýringu getað gefið á því, hvers vegna hann laumaðist brott af slysstaðnum. Hann telur, að sér hafi þá ekki verið kunnugt um, að neinn hefði slasast.

Jóel Sigurðsson lögregluþjónn, sem var dyravörður á dansleiknum, sem ákærði fór á, hefur borið sem vitni, að hann hafi hleypt ákærða inn á dansleikinn um kl. 21.00, og kveðst hann ekki hafa tekið eftir neinum ölvunarmerkjum á ákærða.

Enginn af þeim, sem voru á R. 2657, slösuðust, svo orð sé á gerandi, og heldur eigi ákærði né Þorgils. Hins vegar slasaðist Leif Einar Bjarni Jóhannesson, svo sem áður er dregið á. Segir svo í vottorði Hauks Kristjánssonar læknis, dagsettu 6. þ. m.:

„Þ. 17/10 var komið með Leif Jóhannesson, Austurstræti 3, á Röntgendeild Landsspítalans í myndatöku. V. hné var mikið bólgið, og röntgen skoðun sýndi, að hnéskelin var þverbrotin og mikið bil milli brotanna. Sjúklingurinn var lagður inn á Sjúkrahús Hvítabandsins til operationar,

en þar eð hann hafði háan hita, var ekki hægt að operera hann fyrr en ca. 10 dögum síðar. Var þá skorið inn á hnéskelina og hún saumuð saman og fóturinn settur í gibsumbúðir.

Sjúklingurinn var útskrifaður af spítalanum þann 24/11 1950 og var þá með gibsumbúðir, en á fótum. Þann 14/12 voru gibsumbúðirnar teknar af fætinum, og röntgenmynd sýndi þá, að hnéskelin var farin að gróa saman, en mikil úrkölkun var í neðri hluta hennar. Nú er sjúklingurinn hjá Ragnari Sigurðssyni í nuddi, og er mér ekki kunnugt um núverandi ástand hans.“

Er Leif kom fyrir dóm 4. þ. m., kvaðst hann hafa gengið við staf fram til þess tíma og vera enn haltur, en vonir stæðu til, að hann fengi fullan bata.

Sannað er í máli þessu, að orsök umrædds slyss var gáleysi ákærða. Gætti hann þess eigi að biða við umrædd gatnamót og hleypa fram hjá umferð, sem kom frá vinstri, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 7. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941 og 1. mgr. 31. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Sannað er með játningu ákærða, framburðum vitna og ummerkjum á árekstrarstaðnum, að ákærði hefur ekið á ólöglega miklum hraða, og varðar það atferli hans við 26. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, 46. gr., sbr. 96. gr. gr. lögreglusamþykktarinnar og 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga.

Ákærði kveðst ekki hafa séð til ferða R. 2657 fyrr en um leið og áreksturinn varð, og hefur athygli hans því ekki verið vakandi sem skyldi, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga og 2., sbr. 14. gr. umferðarlaga. Þá þykir sannað með framburðum vitna og því, sem fram er komið um feril ákærða undanfarandi sólarhring, og með hliðsjón af akstri hans, að hann hafi verið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann hafi ekki getað stýrt bifreið á tryggilegan hátt. Hefur hann því brotið 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga. Þá hefur ákærði með því að hverfa af slysstað, án þess að gera nokkrar þær ráðstafanir, er slysið gaf tilefni til, brotið 29. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 2. mgr. 9. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga og 37. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar. Þar sem gáleysi ákærða orsakaði stórfellda líkamsáverka, hefur hann loks gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald 30 daga. Með tilvísun til 39. gr. bifreiðalaga þykir eftir atvikum rétt að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Axel Konráðsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1951.

Nr. 94/1951. **Matstofa Austurbæjar** (Theódór B. Líndal)
gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hermann Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um söluskatt.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi borgarfógeta, Benedikt S. Bjarklind, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um lögtak það, sem krafizt er. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti samkvæmt mati Hæstaréttar.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í úrskurði fógeta, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Matstofa Austurbæjar, greiði stefnda, toll-